



26. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 30. október 2012, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 26. fundar þriðjudaginn 30. október 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2013 – Fyrri umræða.
2. Fundargerðir:
 - a. Bæjarráð frá 12. september 2012
 - b. Bæjarráð frá 21. september 2012
 - c. Bæjarráð frá 25. september 2012
 - d. Bæjarráð frá 3. október 2012
 - e. Bæjarráð frá 10. október 2012
 - f. Bæjarráð frá 16. október 2012
 - g. Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. september 2012
 - h. Menningar- og fegrunarnefnd frá 3. október 2012
3. Skýrsla bæjarstjóra

Afgreiðslur:

1. *Fjárhagsáætlun 2013 – Fyrri umræða:*

Lögð fram fjárhagsáætlun 2013 til fyrri umræðu, rekstraryfirlit og sjóðsstreymi. Fjármálastjóri Blönduósbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir, mætti á fundinn og fór yfir áætlunina með fundarmönnum. Miklar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Valgerður, fjármálastjóri vék hér af fundi.

2. *Fundargerðir:*

a. *Bæjarráð frá 12. september 2012*

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Auðunn Sigurðsson, formaður fræðslunefndar, kynnti vinnu vinnuhóps um málefni leikskólans. Að loknum miklum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



b. Bæjarráð frá 21. september 2012

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

c. Bæjarráð frá 25. september 2012

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

d. Bæjarráð frá 3. október 2012

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

e. Bæjarráð frá 10. október 2012

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

f. Bæjarráð frá 16. október 2012

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um innihald fundargerðarinnar. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

g. Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. september 2012

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

h. Menningar- og fegrunarnefnd frá 3. október 2012

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina en að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla bæjarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri hóf mál sitt á að ræða um vinnu við fjárhagsáætlun 2013 en hún hefur verið rædd á 6 fundum bæjarráðs og var til umræðu á þessum fundi. Stefnt væri að því að ljúka seinni umræðu í nóvember en að auki væri stefnt að því að vinna áætlun, fyrir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, á milli fyrri og seinni umræðu og mun þar koma fram til hvaða ráðstafana sveitarfélagið þarf að grípa til að ná settum markmiðum. Eftirlitsnefndin hafði óskað eftir því með bréfi 26. júní 2012.

Fram kom hjá bæjarstjóra að á aðalfundi Brunavarna A-Hún., sem haldinn var þann 25. október s.l., að BAH hefði fest kaup á björgunarklippum af Holmatro gerð að upphæð 3,2 mkr. Stjórn Brunavarna leitaði eftir styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum og hafa verið gefin vilyrði fyrir styrkjum að upphæð 2,0 mkr. Klippurnar verða að öðru leiti fjármagnaðar með fjármunum sem ætlaðir voru til reksturs BAH árið 2012. Arnar sagði einnig frá því að stjórnin hefði ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir í rekstri BAH og m.a. hefði nýr slökkviliðsstjóri, Jón Jóhannsson, verið ráðinn í hlutastarfandi starf, tveir aðstoðarslökkviliðsstjórar ráðnir og bakvaktakerfi slökkviliðsins gjörbreytt. Framlög



sveitarfélaganna sem reka BAH hafa lækkað á milli ára en búist er við því að þau fari úr 18,6 mkr. fyrir árið 2011 í 17,0 mkr. fyrir árið 2012. Þá er gert ráð fyrir því að enn meiri lækkun verði árið 2013. Þrátt fyrir þennan niðurskurð er það mat bæjarstjóra að útkallsmáttur og gæði slökkviliðsins hafi ekki minnkað.

Sagt var frá því að í október hafi úttektarmenn tekið út jörðina Kleifa og vænst er niðurstöðu á verðmati jarðarinnar og húsakynna í desember.

Tilboð í tryggingar sveitarfélagsins verða opnuð þann 15. nóvember n.k. og vonast er til þess að tryggingar sveitarfélagsins muni lækka umtalsvert.

Bæjarstjóri sagði frá því að í undirbúningi er 100 ára byggingarafmæli Kvennaskólans en afmælið verður haldið 12. nóvember. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra mun mæta í afmælið. Þekkingarsetrið á Blönduósi verður opnað formlega á sama tíma. 4 starfsmenn starfa nú hjá setrinu en við opnunina verður undirritaður samningur milli Þekkingarsetursins og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um greiðslur til setursins fyrir árin 2012-2014.

Dagana 14. – 15. nóvember n.k. verður haldin kynningaráðstefna um starfsemi gagnavera í London og verður hagsmunaaðilum á sviði gagnavera boðið að kynna sig. Sveitarfélögin í Austur Húnavatnssýslu verða með kynningu á ráðstefnunni um staðsetningu gagnavers á Blönduósi.

Ýmis verkefni eru framundan hjá Blönduósbæ s.s. að nauðsynlegt er að gera breytingar á samþykktum Blönduósbæjar, endurskoða og uppfæra þarf jafnréttisáætlun Blönduósbæjar og verður jafnréttisnefnd kölluð saman á næstunni til þess, setja þarf reglur um innkaup sveitarfélagsins og Blönduósbær þarf samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga að setja sér siðareglur.

Fleira kom ekki fram í máli bæjarstjóra að þessu sinni.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu bæjarstjóra.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:30.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)



Bæjarstjórn Blönduósarbæjar